



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Kjarasamningar VSKFK við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, SFV.

Kjarasamningur var undirritaður af VSKFK og SFV 30. júní 2020 með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu.

Samningur tekur gildi ef meirihluti kjósenda er samþykktur og gildir frá 1. apríl 2019 og til 31. mars 2023.

Hverju skilar nýr kjarasamningur félögum VSKFK hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu?

Launaliður

- Þann 1. apríl 2019 hækka mánaðarlaun afturvirktt um 17.000 kr. Við útborgun á þeirri greiðslu dregst 105.000 kr. innágreiðsla, í tilvikum þar sem þær voru greiddar, frá afturvirkum greiðslum.
- Þann 1. apríl 2020 hækka mánaðarlaun um 24.000 kr. fyrir launaflokka 1-17 og um 18.000 kr. fyrir hærri launaflokka.
- Þann 1. janúar 2021 kemur ný launatafla. Við yfirfærslu í nýja launatöflu er tryggt að enginn sem ráðast fyrir neðan launaflokk 17 fái minna en 24.000 kr. hækkun á mánaðarlaunum. Aðrir fá að lágmarki 18.000 kr. hækkun mánaðarlauna.
- Frá 1. janúar 2021 verður ráðstafað allt að 60 milljónum kr. á ársgrundvelli til endurskoðunar á stofnanasamningum og röðunar í nýja launatöflu.
- Þann 1. janúar 2022 hækka mánaðarlaun um 17.250 kr.
- Öllum tryggð 90.000 kr. hækkun.
- Sérstök ákvæði um laun ungmenna falla brott.
- Greiðslur fyrir yfirvinnu verða tvenns konar. Annars vegar 1,0385% af mánaðarlaunum eins og verið hefur (yfirvinna 2) og hins vegar lægri yfirvinnutaxti fyrir vinnu frá kl. 08:00 til 17:00 virka daga, upp að 40 stundum á viku, sem verður 0,9385% af mánaðarlaunum (yfirvinna 1).

Desemberuppbót verður:

- 92.000 kr. í desember 2019
- 94.000 kr. í desember 2020
- 96.000 kr. í desember 2021
- 98.000 kr. í desember 2022



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Orlofsuppbót verður:

- 50.000 kr. í júní 2019
- 51.000 kr. í júní 2020
- 52.000 kr. í júní 2021
- 53.000 kr. í júní 2022

Stytting vinnuvikunnar – dagvinnu

- Tryggt að vinnutími styttist um 13 mínútur á dag (65 mínútur á viku) 1. janúar 2021 án nokkurrar skerðingar á launum eða öðrum réttindum.
- Með sérstöku samkomulagi á vinnustöðum má stytta vinnuviku frekar, eða um allt að 4 klukkutíma á viku niður í 36 virkar vinnustundir.
- Stytting niður í 36 vinnustundir krefst þess að gefa upp forræði yfir kaffitímum. Engu að síður er tryggt að fólk fái neysluhlé.
- Vinnutímahópar skipaðir fulltrúum starfsfólks og stjórnenda útfæra samkomulag. Þann 1. október 2020 á niðurstaða samtals starfsfólks og yfirmanna að liggja fyrir. Greidd atkvæði áður en komi til framkvæmdar 1. janúar 2021.

Stytting vinnuvikunnar – vaktavinna

- Þann 1. maí 2021 verður vinnuvikan styttist og verður 36 vinnustundir og getur farið niður í 32 vinnustundir.
- Breytingar verða gerðar á vinnufyrirkomulagi og launakerfi. Markmið kerfisbreytinganna era ð stuðla að berti heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta betur vinnu og einkalíf þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari.
- Vinnuskyldustundir vaktavinnufólks utan dagvinnumarka samkvæmt skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila.
- Hver klukkutími á næturvakt er talinn 1,2 klukkutími eða 72 mín uppí vinnuskildu.
- Hver klukkutími á kvöldvakt og dagvakt um helgar er talinn 1,05 klukkutími eða 63 mín uppí vinnuskyldu.
- Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki. Jöfnun vinnuskila kemur í staða helgidagafrís og bætingar.
- Starfsmaður fær helgidagana jafn óðum en þarf ekki að bíða í ár með að fara í frí.
- Starfsmaður getur óskað eftir að safna upp fríi og taka dagana saman.
- Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki. Jöfnun vinnuskila kemur í staða helgidagafrís og bætingar.



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS

- Starfsmaður fær helgidagana jafn óðum en þarf ekki að bíða í ár með að fara í fri.
- Starfsmaður getur óskað eftir að safna upp frii og taka dagana saman.
- Inn kemur vaktahvati sem greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skiplögðum vöktum innan vinnutímaskyldu.
- Vaktakvati miðast við að unnar séu 42 stundir utan dagvinnu á mánuði. Teknar séu mismunandi tegundir vakta (dagvaktir, kvöldvaktir, næturvaktir virkadaga og helgarvaktir). Mætt sé oftast en 14 sinnum í mánuði
- 25 mín vegna kaffitíma fellur út.
- Sjá vaktareiknir: <https://betrivinnutimi.is/vaktareiknir/>
- Bókun 9 um starfsmenn sem taka vaktir styttri en 8 klst. („stubbavaktir“)
- Nýir starfsmenn: skal kveðið á um í ráðningarsamningi.
- Eldri / núverandi starfsmenn: ekki skylt að gera nýjan ráðningarsamning en þarf að gera skriflegt samkomulag að loknu samtali við yfirmann – þarf að liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2021

Orlof

- Allir fá 30 daga í orlof á ári og verður orlofsprósentan 13,04% hjá öllum.

Kynningarfundir vegna samningsins verða haldnir á skrifstofu félagsins þriðjudaginn 15. júlí og fimmtudaginn 16. júlí kl. 16.00.

Vinsamlegast látið vita sem fyrst ef þið hafið hug á að koma á fundinn svo við getum gert ráðstafanir vegna Covid-19.

Rafræn atkvæðagreiðsla hefst kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 10. júlí og lýkur mánudaginn 20. júlí kl. 12.00. Kosið verður inni á heimasíðu félagsins www.vsfk.is

Utankjörstaðaatkvæðagreiðsla fer fram á skrifstofu félagsins, Krossmóa 4, mánudaginn 10. júlí kl. 12.00 og lýkur föstudaginn 17. júlí kl. 15.00.

Þeir sem ekki eru á kjörskrá en telja sig eiga að vera það geta kært sinn inn á hana með því að skila síðasta launaseðli á skrifstofuna og kjósa .

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við félagið.

S:421-5777 vsfk@vsfk.is eða í gegn um facebook-síðu félagsins <https://www.facebook.com/vsfk.is/>